

Alþingi  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2013

Tilvísun: 201311-0011/0.03.02

### **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um myglusvepp og tjón af völdum hans, 96. mál**

Vísað er til beiðni umhverfis- og samgöngunefndar um umsögn um ofangreinda tillögu til þingsályktunar sem barst í tölvupósti 5. nóvember sl.

Vinnueftirlitið fer með framkvæmd laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, en markmið þeirra er m.a. að koma í veg fyrir vinnuslys og atvinnutengda sjúkdóma. Gefur stofnunin fyrirmæli um úrbætur ef vinnuumhverfi starfsmanna er ekki í samræmi við lög og reglur m.a. ef raka- og mygluvandamál fyrirfinnast á vinnustað sem veldur starfsmönnum heilsutjóni.

Í lok 8. áratugarins var talað um „tight-building syndrome” eða einkennamynstur í þéttum byggingum. Þetta orðalag byggðist á þeirri skoðun, að breytt byggingarlag sem miðaði að því að „þetta” hús til að draga úr orkukostnaði ylli tilteknum óþægindum. Árið 1983 fjallaði Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) um fyrirbærið húsasótt (sick building syndrome). Svo er það kallað þegar fólk finnur fyrir tilteknum óþægindum í ákveðnum húsum án þess að hægt sé að finna á því viðhlítandi skýringar. Orðið húsasótt hefur síðar einnig verið notað yfir tilvik þegar fólk hefur orðið veikt vegna mismunandi orsaka sem eiga rætur sínar að rekja til húsnæðisins eða jafnvel vinnuskilyrða.

Einn af þeim mengunarpáttum sem koma strax til skoðunar eru líffræðilegir þættir eins og örverur og sveppir, gró frá sveppum og rokgjörn lífræn efnasambönd (Microbiological Volatile Organic Compounds eða MCOC) frá örverum, lifandi eða dauðum. Verði vart sýnilegar rakaskemmdir með mygluvandamálum í atvinnuhúsnæði gerir Vinnueftirlitið kröfur um lagfæringu. Komið hefur til lokunar atvinnuhúsnæðis vegna raka- og mygluvandamála. Þegar grunur hefur leikið á mygluvandamálum en örverugróður ekki verið sýnilegur hefur Vinnueftirlitið mælt MVOC í andrúmsloftinu sem gefur til kynna hvort hugsanlega örverugróður sé í t.d. milliveggjum, undir gólfefnum eða í þakefnum eða tekið loftsyni til ræktunar á örverum á rannsóknarstofu. Þar sem um dýrar mælingar og greiningar er að ræða er alltaf byrjað á að gera kröfur um lagfæringu á rakaskemmdum og hreinsun á örverugróðri sé slíkt sjánlegt eins og áður sagði. Ekki eru til nein viðmið eða mörk fyrir leyfilegt magn örvera eða MVOC (nema fyrir nokkur einstök efni) í andrúmslofti starfsmanna. Vinnueftirlitinu er kunnugt um að starfsmenn hafa þróað með sér ofnæmi vegna vinnu í húsnæði með rakavandamál og tilvist örvera og orðið að skipta um vinnustað.

Vinnueftirlitið fagnar því ofnagreindri þingsályktun og er tilbúið til að veita sérfræðiaðstoð verði þess óskað.

Virðingarfyllst  
fh. Vinnueftirlitsins

---

Eyjólfur Sæmundsson  
forstjóri

---

Víðir Kristjánsson  
deildarstjóri